



Alþingi  
Kirkjustræti  
101 Reykjavík

Reykjavík, 26. mars 2024  
2403108/0.4.1

Enfi: 771. mál Dánaraðstoð — Umsögn embættis landlæknis.


Með frumvarpi þessu er lagt til að dánaraðstoð verði heimiluð á Íslandi og byggist það að mestu á hollenskum lögum um dánaraðstoð. Markmið laganna er annars vegar að heimila einstaklingum sem glíma við ólæknandi sjúkdóm og búa við ómeðhöndlanlega og óbærilega þjáningu að þiggja dánaraðstoð og hins vegar að heimila læknum, að nánari skilyrðum uppfylltum, að veita slíka aðstoð.

Að mati landlæknis þarf, áður en slík lagasetning er rædd, að fara fram mun meiri og dýpri umræða í samfélaginu um málefnið og siðferðileg álitafni því tengd. Því ætti að byrja á að hvetja til umræðu um dauðann, um takmarkanir á meðferð við lok lífs og um líknarmeðferð í heild sinni.

Nú sem aldrei fyrr er þörf á vitundarvakningu um dauðann og sorgina til undirbúnings fyrir öll. Á árum áður, var dauðinn tíðari heimilisgestur og fyrri kynslóðir lifðu í návígi við dauðann. Með hækkandi lífaldri þjóðarinnar þarf einnig að gefa meiri gaum að meðferð við lok lífs, hvað fólk vill og vill ekki. Með takmörkunum við lok lífs er átt við hvaða meðferð vilja einstaklingar þiggja eða ekki og hvað meðferð stendur til boða, þegar lífslok nálgast. Má þar nefna gjörgæslumeðferð, meðferð í öndunarvél, stórar skurðaðgerðir, blóðskilun, endurlífgun og fleira. Slíkar ákvarðanir þarfnast vandaðs og tímanlegs samtals, milli sjúklingsins sjálfis og ástvina hans annars vegar og lækna og annað heilbrigðisstarfsfólk sem kemur að meðferð, hins vegar. Til skráningar á slíku samtali og ákvörðunum þarf að koma á laggirnar miðlægrí skráningu, svokallaðri Lífsskrá. Til þess að það sé unnt þarf lagastoð sem að heilbrigðisráðherra vinnur nú að. Líklegt er að skráningin og undanfarandi samtal, muni auka til muna gæði meðferðar við lok lífs.

Loks þarf að kynna og efla líknarmeðferð sem er orðin að sérgrein innan læknisfræðinnar og sem að stöðugt fleygir fram. Í langflestum tilfellum er nú hægt að veita fullnægjandi líknarmeðferð þannig að einstaklingur fái lifað og dáið með reisn. Til eru góðar leiðbeiningar um líknarmeðferð sem og skýrsla um framtíðarskipan líknarþjónustu á Íslandi þar sem fram koma tillögur sem vinna þarf að. Þetta eru brýn mál til úrlausnar áður en farið er að ræða dánaraðstoð.

Virðingarfyllst,

  
Kjartan Hreinn Njálsson  
aðstoðarmaður landlæknis